



NEYTENDASTOFA

Ákvörðun nr. 13/2020

**Bann við sölu og afhendingu á 60 tegundum áfyllinga
fyrir rafrettur hjá Drekanum, Njálsgötu**

I.

Málsmeðferð

Við markaðseftirlit Neytendastofu, þann 8. október 2019, í versluninni Drekanum, í eigu Urriðafoss ehf., Njálsgötu 23, kom í ljós að markaðssettar voru 60 tegundir af áfyllingum fyrir rafrettur sem voru ekki í samræmi við lög nr. 87/2018, um rafrettur og áfyllingar fyrir rafrettur.

Áfyllingarnar báru ýmist ekki fullnægjandi viðvörðunarleiddbeiningar, leiddbeiningar um notkun og geymslu og innihaldslýsingar. Þá fylgdi þeim enginn upplýsingabæklingur. Jafnframt reyndust 51 tegundir áfyllinga ekki vera tilkynntar til Neytendastofu. Sama dag var því lagt tímabundið sölubann á 60 tegundir áfyllinga hjá Urriðafoss. Neytendastofa óskaði þess að Urriðafoss legði fram skriflegar skýringar, athugasemdir eða önnur viðeigandi gögn vegna áfyllinganna innan fjögurra vikna.

Þann 5. nóvember 2019 var farið í aðra eftirlitsferð í verslunina. Kom í ljós að á umbúðum sex áfyllinga sem innsiglaðar voru í geymslu verslunarinnar Drekan voru tveir límmiðar. Á ytri límmiða var merking um að áfyllingin innihéldi 20 mg/ml en á innri límmiða var styrkleiki nikótíns tilgreindur meira en 20 mg/ml, þ.e. 25 mg/ml og 50 mg/ml. Sala áfyllinganna hafði þá þegar verið stöðvuð með tímabundnu sölubanni og voru þær því ekki til sölu í versluninni. Áfyllingarnar voru frá framleiðandanum *Prophet Premium*, þrjár af tegundunum *Fruity Bubblegum/Prodigy*, *Pineapple Burst/Alchemist* og *Cool Melon/Reaper* og þrjár af tegundinni *Aloha Gummy*, *Apple Paradise* og *Fruit Punch*. Áfyllingarnar voru fjarlægðar úr verslun með samþykki eiganda.

Í tölvupóstsamskiptum Neytendastofu og Urriðafoss, dags. 13. desember 2019, kom fram að eigandi hafi ekki vitað að tveir límmiðar væru á áfyllingunum þar sem annar tilgreindi minni styrkleika nikótíns en áfyllingin reyndist innihalda. Óskaði Urriðafoss þess að sex tegundum af áfyllingum sem innihéldu nikótín umfram leyfilegan hámarksstyrkleika yrði eytt.

Með bréfi Neytendastofu, dags. 12. febrúar 2020, var fallist á beiðni Urriðafoss um eyðingu á framangreindum sex áfyllingum og Urriðafoss nánar leiðbeint um að unnt væri að gera úrbætur



á 54 tegundum áfyllinga. Það gæti Urriðafoss gert með því að tilkynna 51 áfyllingu og bæta úr merkingum á 54 tegundum áfyllinga. Nánar var tiltekið á fylgiskjali hvers lags merkingar þyrfti að bæta, m.a. um innihaldslýsingu, viðvörunarmerkingar, leiðbeiningar um notkun og geymslu og að upplýsingabækling vantaði.

Engin svör bárust Neytendastofu.

II. Niðurstaða

1.

Mál þetta varðar öryggi 60 áfyllinga fyrir rafrettur sem markaðssettar voru í verslun Urriðafoss. Þar af voru 51 áfyllingar sem innihéldu nikótín sem höfðu ekki verið tilkynntar til Neytendastofu og sex áfyllingar sem innihéldu nikótín umfram leyfilegan hámarksstyrkleika. Umbúðir þriggja áfyllinga án nikótíns voru jafnframt ófullnægjandi. Á 57 tegundum áfyllinga sem innihéldu nikótín vantaði réttar viðvaranir. Auk þess vantaði leiðbeiningar um notkun og geymslu og innihaldslýsingar (sjá fylgiskjal).

Neytendastofa lagði tímabundið sölubann á 60 tegundir áfyllinga við eftirlit í verslun Urriðafoss þann 8. október 2019. Í síðari eftirlitsferð þann 5. nóvember 2019 kom í ljós að einnig voru markaðssettar áfyllingar þar sem magn nikótínvökva var umfram leyfilegan hámarksstyrkleika. Urriðafoss var nánar leiðbeint um möguleika til úrbóta á áfyllingum með bréfi, dags. 12. febrúar 2020. Engar tillögur að úrbótum bárust Neytendastofu.

Um rafrettur og áfyllingar fyrir þær gilda lög nr. 87/2018, um rafrettur og áfyllingar fyrir rafrettur, og reglugerð nr. 255/2019, um merkingar á umbúðum rafrettna og áfyllinga og efni upplýsingabæklings sem fylgja skal rafrettum og áfyllingum.

Í 1. mgr. 5. gr. laga nr. 87/2018 segir að rafrettur og áfyllingar megi aðeins hafa til sölu eða dreifingar ef skráðar eru viðvaranir um áhrif vörunnar á heilsu á umbúðir hennar og leiðbeiningar fylgi um notkun og geymslu.

Kveðið er á um öryggi rafrettna og áfyllinga fyrir þær í 1. mgr. 6. gr. laga nr. 87/2018 en þar segir:

„Einungis er heimilt að flytja inn, selja eða framleiða rafrettur og áfyllingar sem teljast öruggar og uppfylla ákvæði laga þessara eða reglugerða settra með stoð í þeim.“

Í 1. mgr. 8. gr. laga nr. 87/2018 segir jafnframt um hámarksstyrkleika nikótíns að einungis sé heimilt að selja einnota rafrettur, hylki eða áfyllingar fyrir rafrettur sem innihalda að hámarki 20 mg/ml af nikótínvökva.



Um tilkynningarskyldu framleiðenda og innflytjenda rafrettna og áfyllinga fyrir þær sem innihalda nikótín er kveðið á um í 1. mgr. 14. gr. laga nr. 87/2018, en þar segir:

„Framleiðendur og innflytjendur rafrettna og áfyllinga fyrir þær sem innihalda nikótín, sem hyggjast setja rafrettur eða áfyllingar á markað hér á landi, skulu senda Neytendastofu tilkynningu um slíkt sex mánuðum áður en markaðssetning er fyrirhuguð. Leggja skal fram nýja tilkynningu fyrir hverja umtalsverða breytingu á vörunni og sker Neytendastofa úr um hvort breyting telst umtalsverð. Óheimilt er að flytja inn eða selja vöru sem hefur ekki verið tilkynnt í samræmi við ákvæði þetta og reglugerðir settar með stoð í því.“

Nánar er kveðið á um merkingar í reglugerð nr. 255/2019. Í 3. og 4. gr. hennar er nánar mælt fyrir um viðvörunarmerkingar á umbúðum rafrettna og áfyllinga, sem innihalda nikótín.

Í 3. gr. reglugerðarinnar segir:

„Viðvörunarmerkingar á umbúðum rafrettna og áfyllinga, skv. 5. gr., sem hvoru tveggja innihalda nikótín skal prenta með svörtu Helvetica-feitletri á hvítum grunni. Merking skal vera í svörtum ramma, sem er 1 mm á breidd, inni á yfirborðsflatinum sem er frátekinn fyrir slíkar merkingar. Viðvörunarmerking skal birtast á tveimur stærstu yfirborðshlutum hvers einingapakka og öllum ytri umbúðum vörunnar og þekja 30% af yfirborði einingapakka og allra ytri umbúða vörunnar.“

Þá segir í 4. gr. reglugerðar nr. 255/2019:

„Texti viðvörunarmerkingar á umbúðir rafrettna og áfyllinga sem hvoru tveggja innihalda nikótín skal vera eftirfarandi: „Þessi vara inniheldur nikótín sem er mjög ávanabindandi efni. Ekki er mælt með notkun þess fyrir þá sem reykja ekki.“ Texti viðvörunarmerkingar skal vera samsíða almennum texta á umbúðum.“

Í 1 mgr. 5. gr. reglugerðarinnar segir enn fremur að á einingapökkum og öllum ytri umbúðum rafrettna og áfyllinga skuli birta lista yfir öll innihaldsefni vörunnar. Það skuli gert í lækkandi röð eftir þyngd og upplýsingum um nikótíninnihald vörunnar og gjöf í hverjum skammti, lotunúmeri og tilmælum um að vöruna eigi að geyma þar sem börn ná ekki til.

Samkvæmt 6. gr. reglugerðarinnar skal með pakkningum rafrettna og umbúðum fylgja bæklingur með upplýsingum á íslensku um eftirfarandi:

„1. Leiðbeiningar um notkun og geymslu vörunnar, þ.m.t. ráðlegging um að ekki sé mælt með vörunni til notkunar fyrir börn og þá sem ekki reykja.“



2. Frábendingar.
3. Viðvaranir fyrir tiltekna áhættuhópa.
4. Hugsanleg skaðleg áhrif.
5. Ávanabindandi áhrif og eiturrhif.
6. Hvernig sé hægt að hafa samband við framleiðanda eða innflytjanda og upplýsingar um lögaðila eða einstakling sem er tengiliður þeirra innan Evrópska efnahagssvæðisins.“

Samkvæmt 2. gr. laga nr. 134/1995, um öryggi vöru og opinbera markaðsgæslu mega framleiðendur einungis markaðssetja örugga vöru. Úrræði Neytendastofu vegna markaðssetningar á vöru sem ekki uppfyllir skilyrði laga nr. 87/2018 fer samkvæmt 2. mgr. 15. gr. laganna að ákvæðum laga nr. 134/1995.

2.

Í ljósi framangreinds er það mat Neytendastofu að 60 tegundir áfyllinga sem markaðssettar voru í verslun Urriðafoss uppfylli ekki skilyrði laga nr. 87/2018.

Áfyllingar af 51 tegundum sem innihalda nikótín hafa ekki verið tilkynntar til Neytendastofu í samræmi við 14. gr. laga nr. 87/2018 (sjá fylgiskjal). Sex áfyllingar fyrir rafrettur sem innihalda nikótín innihéldu magn nikótínvökva umfram leyfilegan hámarksstyrkleika skv. 1. mgr. 8. gr. laga nr. 87/2018 (sjá fylgiskjal). Á allar framangreindar áfyllingar vantaði auk þess viðvörunarmerkingar, sbr. 1. mgr. 5. gr. laga nr. 87/2018 og 3., 4., 5. gr. reglugerðar nr. 255/2019 (sjá fylgiskjal).

Umbúðir 32 tegunda áfyllinga báru ennfremur ekki leiðbeiningar um notkun og geymslu. Engar upplýsingar voru um geymslu á 28 áfyllingum, en upplýsingar um notkun voru fullnægjandi á þeim (sjá fylgiskjal), sbr. 1. mgr. 5. gr. laga nr. 87/2018. Þar að auki vantaði innihaldslýsingu á 23 tegundir áfyllinga, sbr. 1. mgr. 5. gr. reglugerðar nr. 255/2019 (sjá fylgiskjal).

Til viðbótar framangreindum 57 áfyllingum voru einnig markaðssettar þrjár áfyllingar fyrir rafrettur sem ekki innihalda nikótín af tegundinni *Square drops Stone fruit*, *Square drops Shamrocked* og *Square drops Tart but Tangy* sem báru ekki viðeigandi leiðbeiningar um notkun og geymslu og engin innihaldslýsing var á þeim, sbr. 1. mgr. 5. gr. laga nr. 87/2018 og 1. mgr. 5. gr. reglugerðar nr. 255/2019.

Enginn upplýsingabæklingur fylgdi nefndum 60 tegundum af áfyllingum fyrir rafrettur eins og gerð er krafa um í 6. gr. reglugerðar nr. 255/2019.

Engar tillögur að úrbótum á áfyllingunum voru lagðar fram af hálfu Urriðafoss, skv 1. mgr. 16. gr. laga nr. 87/2018.



Neytendastofa telur því rétt með vísan til 1. mgr. 6 gr. laga nr. 87/2018, 1. gr. laga nr. 134/1995 og 1. mgr. 20. gr., sbr. 21. gr. laga nr. 134/1995 að banna sölu og afhendingu framangreindra 60 áfyllinga fyrir rafrettur sem innihalda nikótín og þriggja áfyllinga fyrir rafrettur sem ekki innihalda nikótín (sjá fylgiskjal).

Neytendastofa hefur fallist á tillögu Urriðafoss um eyðingu sex áfyllinga sem innihalda nikótín umfram leyfilegan hámarksstyrkleika og báru rangar merkingar þar um og koma þær því ekki til álita við ákvörðun um eyðingu. Að mati Neytendastofu hefur Urriðafoss ekki sýnt fram á öryggi áfyllinganna eða sýnt fram á úrbætur á þeim. Neytendastofa telur því rétt að skylda Urriðafoss til að eyðileggja öll eintök 54 tegunda áfyllinga (sjá fylgiskjal) fyrir rafrettur með öruggum hætti innan sex vikna frá dagsetningu ákvörðunarinnar, sbr. 1. mgr. 22. gr. laga nr. 134/1995.

IV.

Ákvörðunarorð:

„Urriðafoss ehf., rekstraraðili Drekans, Njálsgötu 23, 101 Reykjavík, hefur boðið fram á markaði áfyllingar fyrir rafrettur sem innihalda nikótín sem ekki geta talist öruggar í skilningi 1. mgr. 6. gr. laga nr. 87/2018, laga um rafrettur og áfyllinga fyrir rafrettur.

Urriðafoss ehf. hefur ekki tilkynnt 51 tegundir nikótínáfyllinga og því brotið gegn 1. mgr. 14. gr. laga nr. 87/2018, um rafrettur og áfyllingar fyrir rafrettur. Urriðafoss ehf. hefur brotið gegn 1. mgr. 8. gr. laga nr. 87/2018, um rafrettur og áfyllingar fyrir rafrettur með markaðssetningu á sex tegundum áfyllinga fyrir rafrettur sem innihalda magn nikótínvökva umfram leyfilegan hámarksstyrkleika.

Urriðafoss ehf. hefur með markaðssetningu á 60 áfyllingum fyrir rafrettur sem bera ófullnægjandi leiðbeiningar og viðvaranir, án þess að upplýsingabæklingur fylgdi þeim, brotið gegn 1. mgr. 5. gr. laga nr. 87/2018, um rafrettur og áfyllingar fyrir rafrettur, sbr. 3., 4. og 6. gr. reglugerðar nr. 255/2019, um merkingar á umbúðum rafrettna og áfyllinga og efni upplýsingabæklings sem fylgja skal rafrettum og áfyllingum.

Jafnframt hefur Urriðafoss ehf. með markaðssetningu á 26 tegundum áfyllinga fyrir rafrettur, án fullnægjandi lista um innihaldsefni á umbúðum þeirra, brotið gegn 1. mgr. 5. gr. reglugerðar nr. 255/2019, um merkingar á umbúðum rafrettna og áfyllinga og efni upplýsingabæklings sem fylgja skal rafrettum og áfyllingum.

Með vísan til 1. mgr. 20. gr., sbr. 21. gr., laga nr. 134/1995, um öryggi vöru og opinbera markaðsgæslu er Urriðafoss ehf. bannað að selja og afhenda 60 tegundir af áfyllingum fyrir rafrettur (sjá fylgiskjal).



Ennfremur, með vísan til 1. mgr. 22. gr. laga nr. 134/1995 um öryggi vöru og opinbera markaðsgæslu, skal Urriðafoss ehf. eyða ofangreindum áfyllingum fyrir rafrettur með öruggum hætti og framvísa vottorði um eyðingu til Neytendastofu innan sex vikna frá dagsetningu ákvörðunarinnar.“

Neytendastofa, 17. apríl 2020


Tryggvi Axelsson
Forstjóri


Þórunn Anna Árnadóttir

Fylgiskjal með ákvörðun Neytendastofu nr. 13/2020

1	Matonay	Premium Gold	Lemon Dream
2	Matonay	Premium Gold	Jungle Juice
3	Matonay	Premium Gold	Monkey Milk
4	Matonay	Premium Gold	Vimto
5	Matonay	Premium Gold	Wolf Tears
6	Matonay	Premium Gold	Unicorn Vomit
7	Matonay	Premium Gold	Blue Candy Floss
8	Matonay	Premium Gold	Wolf Blood
9	Matonay	Premium Gold	Blue Dragon
10	Matonay	Premium Gold	Ibena
11	Matonay	Premium Gold	Blue Ice
12	Matonay	Premium Gold	Fat Boy
13	Matonay	Premium Gold	Dragons Blood
14	Matonay	Premium Gold	Kanzy
15	Matonay	Premium Gold	Peanut Butter
16	Matonay	Premium Gold	Yumberry
17	Matonay	Premium Gold	Parma Violets
18	Matonay	Premium Gold	Gummy Bears
19	Matonay	Premium Gold	Tigers Blood
20	Matonay	Premium Gold	Skittles
21	Matonay	Premium Gold	Black Ice
22	Matonay	Premium Gold	Juicy Fruit
23	Matonay	Premium Gold	Cranberry
24	Matonay	Premium Gold	Beetlejuice
25	Matonay	Phoenix	Skywalker
26	Matonay	Phoenix	Tiger Ice
27	Matonay	Phoenix	Straw & Cream
28	Matonay	Phoenix	Wolf Blood
29	Square Smoke	Square Drops	Mamma Mia 16 mg/ml
30	Square Smoke	Square Drops	Mamma Mia 8 mg/ml
31	Square Smoke	Square Drops	CMYK 16 mg/ml
32	Square Smoke	Square Drops	CMYK 8 mg/ml
33	Square Smoke	Square Drops	Backyard Blender 16 mg/ml
34	Square Smoke	Square Drops	Backyard Blender 8 mg/ml
35	Square Smoke	Square Drops	Tart but Tangy 16 mg/ml
36	Square Smoke	Square Drops	Tart but Tangy 8 mg/ml
37	Square Smoke	Square Drops	Magic Melon 16 mg/ml
38	Square Smoke	Square Drops	Magic Melon 8 mg/ml
39	Square Smoke	Square Drops	Shamrocked 16 mg/ml
40	Square Smoke	Square Drops	Shamrocked 8 mg/ml
41	Square Smoke	Square Drops	Seedless 16 mg/ml
42	Square Smoke	Square Drops	Seedless 8 mg/ml
43	Square Smoke	Square Drops	Stonefruit 16 mg/ml

44	Square Smoke	Square Drops	Stonefruit 8 mg/ml
45	Square Smoke	Square Drops	Peach Sunrise 16 mg/ml
46	Square Smoke	Square Drops	Peach Sunrise 8 mg/ml
47	Square Smoke	Square Drops	Island Hopper 16 mg/ml
48	Square Smoke	Square Drops	Island Hopper 8 mg/ml
49	Square Smoke	Square Drops	Love me 8 mg/ml
50	Square Smoke	Square Drops	Malibu Silk 16 mg/ml
51	Square Smoke	Square Drops	Malibu Silk 8 mg/ml
52	Square Smoke	Square Drops	Stone fruit 0 mg/ml
53	Square Smoke	Square Drops	Shamrocked 0 mg/ml
54	Square Smoke	Square Drops	Tart but Tangy 0 mg/ml
55	Midnight Manufacturing	Prophet Premium	Fruity Bubblegum/Prodigy
56	Midnight Manufacturing	Prophet Premium	Pineapple Burst/Alchemist
57	Midnight Manufacturing	Prophet Premium	Cool Melon/Reaper
58	Midnight Manufacturing	TRPCL	Aloha Gummy
59	Midnight Manufacturing	TRPCL	Apple Pearadise
60	Midnight Manufacturing	TRPCL	Fruit Punch